

Ár 2025, þriðjudaginn 4. febrúar, kom siðanefnd Háskóla Íslands, sem í eiga sæti Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi hæstaréttardómari formaður, Amalía Björnsdóttir prófessor og Ármann Höskuldsson rannsóknaprófessor, saman til fundar í aðalbyggingu Háskóla Íslands sem lauk með svohljóðandi

ÁKVÖRÐUN

í máli nr. 1/2025

I

Með tölvubréfi, dags. 27. janúar sl., barst ritara siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir erindi frá Eldi Smára Kristinssyni, þar sem hann óskar eftir að bera fram formlega kvörtun til siðanefndar Háskóla Íslands vegna háttsemi Ernu Magnúsdóttur, dósentis við læknadeild. Með tölvubréfi 28. janúar sl. var erindið framsent siðanefnd HÍ.

II

Í erindi Elds Smára Kristinssonar kemur fram að kvörtun hans til siðanefndar HÍ beinist að ummælum Ernu Magnúsdóttur sem birtust á Facebook undir frétt á Vísi þann 22. janúar sl. Kveðst Eldur Smári þann sama dag hafa ritað eftirfarandi ummæli á Facebook undir frétt á Vísi sem fjallaði um forsetatilskipun Bandaríkjaforseta:

„En hræðilegt! Karlmaður sem brýtur af sér þarf að fara í KARLAFANGELSI. Ó NEI! Það er EKKI hægt að breyta kyni sínu. Transkonur eru KARLAR og njóta fullra borgaralegra réttinda TIL JAFNS VIÐ AÐRA KARLA! Það flokkast sem pyntingar (og eftir atvikum sem stríðsglæpir) að frelsissvipta konur (þið vitið; fullorðins kvenkyns mannveru) og loka þær inni með ÖÐRUM KÖRLUM (karlkyns mannverum). Kynjaköltið þarf að BACK OFF! Velkomin aftur í RAUNVERULEIKANN!""

Í erindi Elds Smára kemur fram að Erna hafi brugðist við með því að rita ummæli undir sömu frétt þar sem hún kallaði hann viðbjóðslega pöddu og sagði hann aldrei munu læra að skammast sín. Telur Eldur Smári að með þessum ummælum hafi Erna leitast við að afmenna sig auk þess sem hún hafi ráðist að persónu hans fremur en málefniinu. Að mati Elds Smára eru ummæli Ernu óásættanleg og krefst hann þess að hún verði áminnt og látin biðjast opinberlega afsökunar á ummælum sínum. Þá vísar hann til umfjöllunar um málið sem birtist á fréttavef Nútímans þann 24. janúar síðastliðinn.

III

Háskóli Íslands hefur sett sér siðareglur sem samþykktar voru á háskólapingi 31. október 2019 og staðfestar af háskólaráði HÍ 5. desember sama ár, ásamt reglum um

málsmeðferð fyrir siðanefnd, málsmeðferðarreglur, sem samþykktar voru og staðfestar sömu daga og siðareglurnar. Í 1. grein málsmeðferðareglanna segir að við HÍ skuli starfa siðanefnd sem hafi með höndum umfjöllun um meint brot á siðareglum HÍ, kynningu á siðareglunum innan skólans, ráðgjöf um túlkun og umgengni við siðareglurnar og samhæfingu á verklagi innan ólíkra starfseininga HÍ.

Í formála siðareglanna kemur fram að með skráningu þeirra séu fangaðir í orð helstu þættir þeirra siðferðilegu gilda og ábyrgðar sem séu samofnir störfum og námi við HÍ, í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk hans og nemendur við að sinna verkefnum sínum á vandaðan og uppbyggilegan hátt. Þær séu viðmið um breytni allra háskólaborgara, nemenda og starfsfólks, innan sem utan skólans, og hvort sem þeir sinna akademískum störfum eða námi við skólann.

Samkvæmt grein 7.2. í siðareglunum tekur siðanefnd við erindum frá aðilum jafnt innan sem utan skólans, en nefndin tekur mál ekki upp að eigin frumkvæði. Samkvæmt grein 7.4 leggur siðanefnd mat á erindi sem henni berst og tekur afstöðu til þess hvort erindið varði fyrst og fremst meint brot á siðareglum. Meti nefndin það svo að erindið varði fyrst og fremst aðrar reglur en siðareglur vísar hún því frá og leiðbeinir um viðeigandi farveg innan HÍ eftir eðli máls. Þá segir í öðrum málslíð greinar 7.10 í siðareglunum að sé um að ræða ágreining eða brot á lagareglum sem heyri undir aðila utan Háskólans vísar nefndin erindinu frá. Regla sama efnis er í 4. grein málsmeðferðareglanna, en samkvæmt henni skal siðanefnd, áður en hún tekur erindi til umfjöllunar, kanna hvort það snertir siðareglur HÍ. Varði erindið fyrst og fremst aðrar reglur en siðareglur vísar nefndin því frá, en veitir leiðbeiningar um viðeigandi farveg innan skólans eftir eðli máls. Þá getur nefndin vísað tilhæfulausum erindum frá og erindum sem varða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir stjórnvöld eða dómstóla.

Í ljósi þess sem hér var rakið kemur fyrst í hlut siðanefndar að kanna hvort erindi það sem hér er til umfjöllunar skuli tekið til efnislegrar meðferðar eða hvort vísa skuli því frá nefndinni, sbr. grein 7.4 og 7.10 í siðareglunum og 4. grein málsmeðferðareglanna.

IV

Af erindi Elds Smára Kristinssonar til siðanefndar HÍ virðist mega ráða að hann telji ummæli Ernu Magnúsdóttur, sem tilgreind eru í kafla II hér að framan, fela í sér ærumeiðingar í sinn garð. Ekki er útilokað að ummæli eins og þau sem hér um ræðir geti falið í sér brot gegn einstökum ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en úrlausn um það lýtur lögsögu dómstóla. Fer þá eftir nánari heimfærslu brots til refsíákvæðis hver á sókn sakar, en sé um brot að ræða á ákvæðum 234. gr. laganna, getur sá einn höfðað mál sem misgert er við, sbr. 3. mgr. 242. gr. laganna. Að þessu gættu og með vísan til greina 7.4 og 7.10 í siðareglum HÍ og 4. greinar málsmeðferðareglna siðanefndar er það niðurstaða nefndarinnar að vísa því erindi sem hér er til umfjöllunar frá siðanefnd.

V

Ákvörðunarorð

Með vísan til greina 7.4 og 7.10 í siðareglum Háskóla Íslands og greinar 4 í málsmeðferðarreglum siðanefndar háskólans verður erindi Elds Smára Kristinssonar ekki tekið til efnislegrar meðferðar og er því vísað frá siðanefnd.

Borgeir Örlygsson

Amalía Björnsdóttir

Ármann Höskuldsson

Undirritunarsíða

Þorgeir Örlygsson

Ármann Höskuldsson

Amalía Björnsdóttir